

FFR

FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA

Fjármálaráðuneytið
b.t. fjármála- og efnahagsráðherra
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík 25. september 2017

Efni: Áform um að auglýsa allar stöður forstöðumanna í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu

Nýlega kynnti umhverfis- og auðlindaráðherra þau áform að öll störf forstjóra stofnana umhverfis- og auðlindaráðuneytisins yrðu auglýst laus til umsóknar að loknum 5 ára skipunartíma. Helsta röksemd ráðherra fyrir þessari stefnubreytingu er að þessi áform séu í takt við gagnsæja og opna stjórnsýslu. Áformum ráðherra er beint að fámennum hópi stjórnenda sem heyra undir eitt ráðuneyti en ekki að öðrum embættismönnum íslenska ríkisins sem hafa 5 ára ráðningartíma.

Í kjölfar framangreindar stefnubreytingar ráðherra óskuðu viðkomandi forstjórar eftir því við Félag forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) að það kæmi að málínu þar sem það snertir í raun alla stjórnendur ríkisins með 5 ára skipunartíma. Félag forstöðumanna ríkisstofnana lét vinna lögfræðilálit vegna þeirra álitaefna sem augljóslega eru uppi s.s. varðandi jafnræði og réttindi þeirra þeirra forstjóra sem málið varðar. Lögfræðiálitið er meðfylgjandi en í því kemur skýrt fram að umhverfis- og auðlindaráðherra hafi ekki farið að málsméðferðarreglum stjórnsýslulaga í þessu máli að mati álitsgjafa.

Framangreind áform umhverfis- og auðlindaráðherra ganga einnig þvert á þá vinnu sem nú stendur yfir í fjármála- og efnahagsráðuneytinu vegna breytinga á lögum um kjararáð. Í þeirri vinnu hefur Félag forstöðumanna ríkisstofnana átt afar gott samstarf við fjármála- og efnahagsráðuneytið. Félagið hefur heilshugar tekið þátt í vinnu við móton tillaga og umbóta sem snúa að því að færa ákvarðanir um kjör forstöðumanna undan kjararáði og koma á nýju verklagi varðandi ákvarðanir um launakjör, tilfærslur á milli embætta og starfslok.

Félag forstöðumanna ríkisstofnana óskar eftir því að fjármála- og efnahagsráðherra hafi frumkvæði að því að ráðherrar ríkisstjórnarinnar að lagi áform sín um að stuðla að opinni og gegnsærri stjórnsýslu þegar kemur að forstöðumönnum ríkisstofnana að hinu nýja verklagi sem nú er í þróun í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Þannig verði best tryggt að gætt sé meðalhófs og jafnræðis. Einnig er farið fram á að áform um að auglýsa öll störf forstjóra í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu að loknum 5 ára skipunartíma verði dregin til baka í ljósi þess að unnið er að nýju verklagi og skipulagi varðandi kaup og kjör forstöðumanna.

Félag forstöðumanna ríkisstofnana minnir jafnframt á að framangreind 5 ára regla á ekki einungis við um félagsmenn þess heldur gildir hún um starfskjör um 1800 starfsmanna ríkisins sem teljast embættismenn sbr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þar á meðal tollverði, lögreglumenn, fangaverði og presta þjóðkirkjunnar.

Með von um skjót og jákvæð viðbrögð.

Björn Karlsson
formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana

Fylgiskjal: Lögfræðiálit dagsett 19. september 2017

Afrit: Forsætisráðherra og Umhverfis- og auðlindaráðherra